

# Skólaráð Hörðuvallaskóla

## 7. fundur skólaársins 2018-2019, haldinn 21. mars 2019

Skólastjóri: Ágúst Frímann Jakobsson

Fulltrúar foreldra: Heiðar Ásberg Atlason, Linda Hilmarsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Alma Ernstdóttir, Alma Hlíðberg

Dagskrá og afgreiðslur:

### 1. Húsnæðismál

Skv. upplýsingum frá sviðsstjóra menntasviðs fyrr í dag er enn unnið að kostnaðargreiningum vegna 2-3 útfærslna á húsnæði í kjallara Kórsins. Niðurstaða þeirrar vinnu boðuð innan mánaðar. Skólaráð lýsir yfir vonbrigðum með hve langan tíma þessi vinna tekur. Ákveðið að fulltrúar Foreldrafélags óski eftir fundi vegna málsins.

Varðandi lóðamál í Vallakór stendur yfir hugmynda- og hönnunarvinna með landslagsarkitekt, fundur á morgun með fulltrúum skóla, nemenda og foreldra. Hins vegar tengist þessi vinna því hvað verður með áframhald húsnæðisframkvæmda og þarf því að sjá fyrir endann á þeirri hugmyndavinnu áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Það eykur enn nauðsyn á flýtingu útreikninga og hönnunarvinnu varðandi kjallarann.

Garðyrkjustjóri frestaði vegna veikinda fundi sem vera átti fyrir skömmu vegna lóðar í Baugakór. Nýr fundur hefur ekki verið boðaður. Skólastjóri ýtir eftir nýju fundarboði.

### 2. Undirbúningur næsta vetrar

Starfsþróunarsamtöl eru í gangi og byrjað að auglýsa eftir kennurum.

Kynntar hugmyndir varðandi stjórnunarfyrikomulag næsta vetrar en þær snúast í stuttu máli um að draga úr vægi teymistengiliða en taka þess í stað upp stöður kennsluráðgjafa sérkennslu, 60% stöðugildi í Baugakór og 40% stöðugildi í Vallakór.

### 3. Önnur mál

**a) Foreldrakönnun Skólapúlsins.** Kynntar niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins. Í heildina tekið jákvæðar niðurstöður og í fæstum tilfellum um miklar sveiflur að ræða frá síðustu fyrirlögn 2017. Niðurstöður verða birtar á heimasíðu á næstu dögum.

**b) Heimsóknir presta.** Ekki hefur borist svar frá menntasviði vegna fyrirspurnar eftir síðasta fund. Skólastjóri rúkkar um svar.

**c) Myndavélamál.** Ekki hafa bæst við myndavélar síðan þeim var fjölgað um 3 fyrir áramótin. Skólastjóra falið að ýta eftir málinu.

Næsti fundur áformaður 3. maí